

VON UM BJARTA FRAMTÍÐ

BIBLIUNÁMSKEIÐ

Byrjaðu að lesa Biblíuna

Þú getur haft ánægju af biblíulestri. Hér eru nokkrar hugmyndir til að koma þér af stað. Veldu efni sem vekur áhuga þinn og lestu versin sem vísað er í.

Bekkt fólk og frásögur

Nói og flóðið: **1. Mósebók 6:9–9:19**
Móse við Rauðahafið: **2. Mósebók 13:17–14:31**
Rut og Naomi: **Rutarbók kaflar 1–4**
Davíð og Goliát: **1. Samúelsbók kafli 17**
Abígail: **1. Samúelsbók 25:2–35**
Daniél í ljónagryfjunni: **Daníel kafli 6**
Elísabet og María: **Lúkas kaflar 1–2**

Ráð fyrir daglegt líf

Fjölskyldan: **Efesusbréfið 5:28, 29, 33; 6:1–4**
Vinátta: **Orðskviðirnir 13:20; 17:17; 27:17**
Bænin: **Sálmur 55:23; 62:9;**
1. Jóhannesarbréf 5:14
Fjallræðan: **Matteus kaflar 5–7**
Vinna: **Orðskviðirnir 14:23; Prédikarinn 3:12, 13; 4:6**

Þegar þú ert að takast á við ...

kjarkleysi: **Sálmur 23; Jesaja 41:10**
sorg: **2. Korintubréf 1:3, 4; 1. Pétursbréf 5:7**
sektarkennd: **Sálmur 86:5; Esekíel 18:21, 22**

Það sem Biblían segir um ...

siðustu daga: **Matteus 24:3–14;**
2. Tímóteusarbréf 3:1–5
framtíðarvonina: **Sálmur 37:10, 11, 29;**
Opinberunarbókin 21:3, 4

RÁÐ: Lestu allan kaflann eða kaflana sem biblíuversin eru í til að sjá samhengið. Notaðu töflurnar í „Haltu utan um biblíulesturinn“ aftast í bókinni til að merkja við kaflana sem þú ert búinn að lesa. Settu þér það markmið að lesa í Biblíunni á hverjum degi.



VON UM BJARTA FRAMTÍÐ

BIBLÍUNÁMSKEIÐ

„Ég hef í hyggju ... að veita yður vonarríka framtíð.“

– Jeremía 29:11.

Eigandi bókarinnar

Rétthafi mynda: Bls. 15: Image © Homo Cosmicos/ Shutterstock; bls. 17: NASA, ESA og Hubble Heritage Team (STScI/AURA)-ESA/Hubble Collaboration. Leyfi samkvæmt CC BY 4.0 (<http://creativecommons.org/licenses/by/4.0/>).
Sótt í <https://esahubble.org/images/heic0702a/>; bls. 56: Mynd eftir US Signal Corps/The LIFE Picture Collection í gegnum Getty Images; bls. 76: Château de Versailles, France/ Bridgeman Images; bls. 103 og 131: Byggt á mynd frá NASA/ Visible Earth imagery; bls. 163: © SINGLECELL ANIMATION LLC/Science Source; bls. 183: Daniel Osterkamp/Moment/Getty Images

Nema annað sé tekið fram er vitnað í Nýheimsþýðingu Biblíunnar í Nýja testamentinu og Biblíuna frá 2010 í Gamla testamentinu. Leturbreytingar eru okkar.

Allt efni sem vitnað er í er gefið út af Vottum Jehóva.

Þetta rit er ekki til sölu. Útgáfa þess er þáttur í alþjóðlegri bibliufræðslu sem kostuð er með frjálsum framlögum. Þú getur farið inn á donate.jw.org til að gefa framlag.

Enjoy Life Forever!
– *An Interactive Bible Course*

Icelandic (Iff-IC)
Prentað í júlí 2021

© 2021 WATCH TOWER BIBLE AND TRACT SOCIETY OF PENNSYLVANIA

Útgefendur: Vottar Jehóva
© Wachturm Bibel- und Traktat-Gesellschaft, Selters/Ts.
Made in Germany
Prentað í Þýskalandi

Hvernig geturðu haft sem mest gagn af þessari biblíufræðslu?

Byrjaðu á að skoða yfirlitið.

Síðan skaltu **pila MYNDBANDIÐ.**



MYNDBAND: Velkominn á biblíunámskeiðið (2:45)



Skannaðu merkið eða farðu inn á ritið *Von um bjarta framtíð* á jw.org til að finna **MYNDBANDIÐ.**

FYRSTI HLUTI

Lestu fyrsta hlutann til að undirbúa hverja námsstund. Feitletruðu spurningarnar **(A)** og biblíuversin **(B)** leggja áherslu á aðalatriðin. Taktu eftir að sum biblíuvers eru merkt „lestu“.



01

Hvernig getur Biblían gagnast þér?

Flést höfum við spurningar um lífið, þjáningar, dauðann og framtíðina. Við þurfum líka að hugsa um dagleg mál eins og að þú þyrir okkur og hugsa að hamingju. Fjölskyldur. Margir hafa komist að því að Biblían svarar ekki bara stóru spurningunum í lífinu heldur getur hún einnig hjálpt ráð fyrir daglegu lífi. Hæfur þú að Biblían geti gagnast enduryrjun sem þú þekkir?

1. Hvaða spurningum svarar Biblían meðal annars?

Biblían svarar þessum mikilvægum spurningum: Hvernig hófst lífið? Hver er tilgangur lífens? Hvers vegna þjáast saklaus fólk? Hvað gerist við dauðann? Hvers vegna er svona mikil um stöð ef allir vilja lífið? Hvað verður um jörðina í framtíðinni? Í Biblíunni eru um við hvort tíl að leita svara við slíkum spurningum og miltíönum manna hefur fandið svör hennar fullnægjandi.

2. Hvernig getur Biblían hjálpsáð okkur að stjórta daglega lífið?

Biblían gefur okkur góð ráð. Hún kynnir til dæmis fjölskyldum hvernig þær getu nýtt sannar hamingju. Hún gefur ráð um hvernig hægt sé að taka á við stressi og hvernig hægt sé að hafa gaman af vinnum. Hægt er ráð um þetta námsfrni saman kemtu að þú sem Biblían segir um þessi mál og mung áttu. Sv gæti orðið samræða þú að „*Öð Binneggin (Biblían í heild) er ... gagnleg*“ - 2. Tímóteusabref 3:16.

Þetta rit kemur ekki í staðin fyrir Biblíuna. Öllu heldur hefur það þú til að kynna þér hana. Við hvatum þig þess vegna til að lesa biblíuversin sem vísað er í og þerra þau saman við það sem þú ert að læra.

A

B

5

A JÓHANNES 16:33–17:24

Þið verðið fyrir mótlæti í heiminum en verðið hugrakkir. Ég hef sigrað heiminn.“

17 **B** Eftir að hafa sagt þetta leit Jesús til himins og bað: „Faðir, stundin er komin. Veittu syni þínum dýrð til að hann geti gert þig dýrlegan. 2 Þú hefur fengið honum vald yfir öllum mönnum svo að hann veiti öllum sem þú **C** ur gefið honum eilíft líf. 3 Til að hljóta eilíft líf þurfa þeir að kynnast þér, hinum eina sanna Guði, og þeim sem þú sendir, Jesú Kristi. 4 Ég hef verið þér til dýrðar á jörðinni með því að ljúka verkinu sem þú fólst

Hvernig finnurðu biblíuversin?

Biblían er safn 66 minni bóka. Hún skiptist í tvo hluta, Hebresk-araméisku ritningarnar (Gamla testamentið) og Grísku ritningarnar (Nýja testamentið).

Vísað er í biblíuvers með því að kynna **biblíubókina (A)**, **kaflann (B)** og **versíð eða versin (C)**.

Jóhannes 17:3 vísar til dæmis í Jóhannesarguðspjall, kafla 17 og vers 3.

MÍÐHLUTI

Textinn **(C)** undir *Kafaðu dýpra* kynnir það sem er til umræðu. Millifyrirsagnirnar **(D)** kynna aðalatriðin. Lestu biblíuversin, svaraðu spurningunum og horfðu á myndböndin með kennara. Skoðaðu myndirnar og myndatextana **(E)** og veltu fyrir þér hvernig þú myndir svara fullyrðingunum í *Sumir segja* **(F)**.

KAFABU DÝPRA

Kynntu þér hvernig Biblían hefur gagnast óðrum, hvernig þú getur haft ánaegu af að lesa hana og hvers vegna það er gott að fá aðstoð við að skilja hana. **C**

D

3. Biblían getur leiðbeint okkur

Biblían er eins og skammt ljós. Hún getur hjálpað okkur að taka góðar ákvarðanir og spila okkur hvernig frá einni orðum.

Lesið **Salm 119:105** og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvernig hefur þetta sálms á Biblíunum?
- Hvernig litur þú á Biblíuna?

4. Biblían getur svarað spurningum okkar

Kona nekur kórset að því að Biblían svari spurningum sem hún hefur verið fyrir sér í mörg ár. Sjáðu **MYNDBÖNDIÐ** og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvaða spurningar hefur kona í myndböndinu?
- Hvernig hjálpað það henni að kynna sér Biblíuna?

Biblían hvetur okkur til að spyrja spurninga. Lesið **Mattæus 7:7** og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvaða spurning myndir þú vilja fá svör Biblíunnar við?

MYNDBÖND: *Ástæða aðrar vantar!* (1:48)

5. Þú getur haft ánaegu af að lesa Biblíuna

Hvergi hafa það ánaegu og gagn ef þú ert að lesa Biblíuna. Sjáðu **MYNDBÖNDIÐ** og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvað fannst unga fólkinu í myndböndinu um lestur almennt?
- Hvers vegna litur þetta unga fólk óðruvísi á biblíulestur?

Biblían segist geta gefið leiðbeiningar sem veita okkur huggan og vni. Lesið **Rómverjapóstr 15:4** og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Vekja loforð Biblíunnar um huggan og von áhuga þinn?

E

6. Við getum fengið aðstoð við að skilja Biblíuna

Hogum hefur fundist gagnlegt að ræða efri Biblíunnar við aðra auk þess að lesa hana sjálfir. Lesið **Postilapsumna 8:26-31** og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvernig getum við fengið stáning á Biblíunum?
- Sjá 30. og 31. vers.

EPÍSKÓPI MAHURIN ÞURFI AÐSTOÐ VIÐ AÐ SKILJA BÍBLÍUNAR. Mörkun ni á öðrum fínst gagnlegt að ræða efri Biblíunnar við aðra.

F

SUMIR SEGJA: „Það er tímóssátt að kynna sér Biblíuna.“

- Hvað myndir þú segja við því? Hvers vegna myndirðu segja það?

7

SÍÐASTI HLUTI

Samantekt og *Upprifjun* **(G)** draga saman það sem fjallað er um í kaflunum. Skráðu dagsetninguna þegar þú hefur lokið við kaflann. *Markmið* **(H)** gefur þér eitthvað til að vinna að. Undir *Kannaðu* **(I)** er meira efni sem þig gæti langað til að lesa eða horfa á.

G

SAMANTEKT

Biblían gefur leiðbeiningar fyrir daglegt líf, svarar mikilvægum spurningum og veitir fólk huggan og von.

Upprifjun

- Hvaða leiðbeiningar fínnum við Biblíunni?
- Hvaða spurningum svarar Biblían meðal annars?
- Hvað langar þig að læra af Biblíunni?

Kafli lokið þann

Markmið

Lesu fyrsta hlutann af næsta kafla.

Ánnað:

H

I

KANNABU

Staðu hvernig öð Biblíunnar hafa hagnitt glöð ni á öðrum. **Ástæða Biblíunnar er sagar** (Vikarinn nr. 1 2018)

2.13

Sjónu hvernig Biblían hjálpað mörkun sem hefur við erfiðar áttíngingar allt frá barnastu. **Agr og heimgangur karfi hefur í líf mínu**

Lesu hagnitt í Biblíunni fyrir fjórháttu. **Hvað skilur fararar fjórháttu?** (Vikarinn nr. 2 2018)

3.14

Kynntu þér hvernig Biblían hefur aðganga mörkun um það líver sjónir heimgang. **Hvers vegna áttíngur við að kynna ökur Biblíuna?** – lengri sigla

Skannaðu merkið eða farðu inn á www.jw.org til að hláða niður af frömu allt sem tengt á KAFLA 03.

Rammar með **MYNDBÖNDUM** leiða þig inn á margmiðunarefni til viðbótar. Sum myndbönd sýna raunverulega atburði. Önnur eru leikin og segja ekki frá raunverulegum atburðum eða fólk en draga upp mynd af raunhæfum aðstæðum.

Efnisyfirlit

- 1. hluti – bls. 4
 - 2. hluti – bls. 54
 - 3. hluti – bls. 142
 - 4. hluti – bls. 200
- Aftanmálgreinar – bls. 255

Skannaðu merkið eða farðu inn á www.jw.org til að hláða niður af frömu allt sem tengt á KAFLA 03.



1. HLUTI

Í þessum hluta: Sjáðu hvernig Biblían getur gagnast þér og hvernig þú getur kynnst höfundi hennar.



KAFLAR

- 01** Hvernig getur Biblían gagnast þér?
- 02** Biblían veitir von
- 03** Er hægt að treysta Biblíunni?
- 04** Hver er Guð?
- 05** Biblían hefur að geyma boðskap Guðs til okkar
- 06** Hvernig kviknaði lífið?
- 07** Hvernig Guð er Jehóva?
- 08** Þú getur verið vinur Jehóva
- 09** Bænin hjálpar þér að nálgast Guð
- 10** Hvaða gagn getur þú haft af samkomum Votta Jehóva?
- 11** Hvernig geturðu haft sem mest gagn af Biblíunni?
- 12** Hvað hjálpar þér að halda áfram að kynna þér Biblíuna?

Hvernig getur Biblían gagnast þér?

Flest höfum við spurningar um lífið, þjáningar, dauðann og framtíðina. Við þurfum líka að hugsa um dagleg mál eins og að sjá fyrir okkur og huga að hamingju fjölskyldunnar. Margir hafa komist að því að Biblían svarar ekki bara stóru spurningunum í lífinu heldur gefur hún einnig hagnýt ráð fyrir daglegt líf. Heldur þú að Biblían geti gagnast einhverjum sem þú þekkir?

1. Hvaða spurningum svarar Biblían meðal annars?

Biblían svarar þessum mikilvægu spurningum: Hvernig hófst lífið? Hver er tilgangur lífsins? Hvers vegna þjáist saklaust fólk? Hvað gerist við dauðann? Hvers vegna er svona mikið um stríð ef allir vilja frið? Hvað verður um jörðina í framtíðinni? Í Biblíunni erum við hvött til að leita svara við slíkum spurningum og milljónum manna hefur fundist svör hennar fullnægjandi.

2. Hvernig getur Biblían hjálpað okkur að njóta daglegs lífs?

Biblían gefur okkur góð ráð. Hún kennir til dæmis fjölskyldum hvernig þær geti notið sannrar hamingju. Hún gefur ráð um hvernig hægt sé að takast á við streitu og hvernig hægt sé að hafa gaman af vinnunni. Þegar við ræðum þetta námsefni saman kemstu að því sem Biblían segir um þessi mál og mörg önnur. Þú gætir orðið sammála því að „**Öll Ritningin [Biblían í heild] er ... gagnleg**“. – 2. Tímóteusarbréf 3:16.

Þetta rit kemur ekki í staðinn fyrir Biblíuna. Öllu heldur hvetur það þig til að kynna þér hana. Við hvetjum þig þess vegna til að lesa biblíuversin sem vísað er í og bera þau saman við það sem þú ert að læra.

K A F A Ð U D Ý P R A


Kynntu þér hvernig Biblían hefur gagnast öðrum, hvernig þú getur haft ánægju af að lesa hana og hvers vegna það er gott að fá aðstoð við að skilja hana.

3. Biblían getur leiðbeint okkur

Biblían er eins og skært ljós. Hún getur hjálpað okkur að taka góðar ákvarðanir og sýnt okkur hvað er fram undan.

Lesið Sálms 119:105 og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvernig leit ritari þessa sálms á Biblíuna?
- Hvernig lítur þú á Biblíuna?



MYNDBAND:

Misstu aldrei vonina!
(1:48)

4. Biblían getur svarað spurningum okkar

Kona nokkur komst að því að Biblían svaraði spurningum sem hún hafði velt fyrir sér í mörg ár. **Spilið MYNDBANDIÐ** og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvaða spurningar hafði konan í myndbandinu?
- Hvernig hjálpaði það henni að kynna sér Biblíuna?

Biblían hvetur okkur til að spyrja spurninga. **Lesið Matteus 7:7** og ræðið síðan eftirfarandi spurningu:

- Hvaða spurningum myndir þú vilja fá svör Biblíunnar við?



MYNDBAND: *Bibliulestur*
(2:05)

5. Þú getur haft ánægju af að lesa Biblíuna

Margir hafa bæði ánægju og gagn af því að lesa Biblíuna. **Spilið MYNDBANDIÐ** og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvað fannst unga fólkinu í myndbandinu um lestur almennt?
- Hvers vegna lítur þetta unga fólk öðruvísi á bibliulestur?

Biblían segist geta gefið leiðbeiningar sem veita okkur huggun og von. **Lesið Rómverjabréfið 15:4** og ræðið síðan eftirfarandi spurningu:

- Vekja loforð Biblíunnar um huggun og von áhuga þinn?



6. Við getum fengið aðstoð við að skilja Biblíuna

Mörgum hefur fundist gagnlegt að ræða efni Biblíunnar við aðra auk þess að lesa hana sjálfir. **Lesið Postulasöguna 8:26–31** og ræðið síðan eftirfarandi spurningu:

- Hvernig getum við fengið skilning á Biblíunni?
– Sjá 30. og 31. vers.

Eþíópíski maðurinn þurfti aðstoð við að skilja Ritningarnar. Mörgum nú á dögum finnst gagnlegt að ræða efni Biblíunnar við aðra.

SUMIR SEGJA: „Það er tímasóun að kynna sér Biblíuna.“

- Hvað myndir þú segja við því? Hvers vegna myndirðu segja það?

SAMANTEKT

Biblían gefur leiðbeiningar fyrir daglegt líf, svarar mikilvægum spurningum og veitir fólki huggun og von.

Upprifjun

- Hvaða leiðbeiningar finnum við í Biblíunni?
- Hvaða spurningum svarar Biblían meðal annars?
- Hvað langar þig að læra af Biblíunni?

Kafla lokið þann

Markmið

- Lesa fyrsta hlutann af næsta kafla.
- Annað:



Skannaðu merkið eða farðu inn á ritið
Von um bjarta framtíð á jw.org til
að finna allt efni sem tengist KAFLA 01.

K A N N A Ð U



Skoðaðu hvernig ráð Biblíunnar hafa hagnýtt gildi nú á dögum.

„Viska Biblíunnar er sígild“
(Varðturninn nr. 1 2018)



Sjáðu hvernig Biblían hjálpaði manni sem barðist við erfiðar tilfinningar allt frá barnæsku.

Nýr og hamingjuríkur kafla hófst í lífi mínu



Lestu hagnýt ráð Biblíunnar fyrir fjölskyldur.

„Hvað einkennir farsælar fjölskyldur?“
(Vaknið! nr. 2 2018)



Kynntu þér hvernig Biblían leiðréttir algengan misskilning um það hver stjórnar heiminum.

Hvers vegna ættum við að kynna okkur Biblíuna?
– lengri útgáfa

Biblían veitir von

Fólk um allan heim glímir við vandamál sem valda sorg, kvíða og kvöl. Hefur þú verið í slíkum aðstæðum? Þú þjáist kannski vegna veikinda eða ástvinamissis. Hefurðu velt fyrir þér hvort lífið verði einhvern tíma betra? Biblían veitir hughreystandi svar við því.

1. Hvernig veitir Biblían von?

Biblían útskýrir hvers vegna það eru svona mörg vandamál í heiminum. En hún færir okkur líka þær gleðifréttir að þessi vandamál verði brátt úr sögunni. Loforð Biblíunnar geta veitt okkur „**vonarríka framtíð**“.
(Lestu Jeremía 29:11, 12.) Þessi loforð hjálpa okkur að takast á við vandamál okkar, vera jákvæð og njóta varanlegrar hamingju.

2. Hvernig lýsir Biblían framtíðinni?

Biblían lýsir framtíðinni svona: „**Dauðinn verður ekki til frammar. Engin sorg, angistaróp né kvöl verður heldur til.**“ (Lestu Opinberunarbókina 21:4.) Þau vandamál sem fylla fólk vonleysi nú á dögum verða ekki lengur til – eins og fátækt, óréttlæti, veikindi og dauði. Biblían lofar að fólk fái að njóta lífsins að eilífu í paradís á jörð.

3. Hvernig geturðu verið viss um að loforð Biblíunnar rætist?

Margir reyna að vera bjartsýnir á framtíðina en geta ekki verið vissir um að vonir þeirra rætist. Því er öðruvísi farið með loforð Biblíunnar. Við getum byggt upp traust á það sem Biblían segir með því að „**rannsaka Ritningarnar**“.
(Postulasagan 17:11) Þú getur komist að því hvort þú getir treyst því sem Biblían segir um framtíðina með því að kynna þér hana.

K A F A Ð U D Ý P R A

Skoðaðu nokkur af loforðum Biblíunnar varðandi framtíðina. Kynntu þér hvernig vonin sem Biblían gefur hjálpar fólki núna.



4. Biblían gefur okkur von um eilíft líf við fullkomnar aðstæður

Skoðaðu loforð Biblíunnar sem eru talin upp hér fyrir neðan. Hvaða loforð höfðu sérstaklega til þín? Hvers vegna?

Lesið biblíuversin sem tengjast loforðunum og hugleiðið eftirfarandi spurningar:

- Finnst þér þessi vers gefa þér von? Gætu þau veitt fjölskyldu þinni og vinum von?


Ímyndaðu þér að lifa við eftirfarandi aðstæður:

ENGINN MUN ...

- búa við sársauka, hrörna eða þurfa að deyja. – Jesaja 25:8.
- verða veikur eða búa við fötlun. – Jesaja 33:24; 35:5, 6.
- verða fyrir óréttlæti. – Jesaja 32:16, 17.
- þjást af völdum styrjalda. – Sálmur 46:10.
- glíma við neikvæðar hugsanir eða sárar minningar. – Jesaja 65:17.

ALLIR MUNU ...

- sjá látna ástvini rísa til lífs á ný á jörðinni. – Jóhannes 5:28, 29.
- vera hraustir og fullir af æskuprótti. – Jobsbók 33:25.
- eiga nóg að borða, þægilegt heimili og hafa ánægjulega vinnu. – Sálmur 72:16; Jesaja 65:21, 22.
- búa við fullkominn frið. – Jesaja 32:18.
- lifa að eilífu við bestu aðstæður sem hugsast getur. – Sálmur 37:29.



5. Loforð Biblíunnar breyta miklu



MYNDBAND: Ég vildi berjast gegn óréttlæti (4:07)



Margir missa kjarkinn eða verða jafnvel reiðir vegna vandamála sem þeir sjá. Sumir reyna af öllum mætti að breyta ástandinu til hins betra. Taktu eftir hvernig loforð Biblíunnar um betra ástand hjálpar fólki núna. **Spilið MYNDBANDIÐ** og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvaða óréttlæti angraði Rafiku?
- Hvernig hjálpaði Biblían henni þótt óréttlætið hyrfi ekki?

Framtíðarvon Biblíunnar hjálpar okkur að takast á við kjarkleysi og vera glöð þrátt fyrir vandamál okkar. **Lesið Orðskviðina 17:22 og Rómverjabréfið 12:12** og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Heldur þú að vonarboðskapur Biblíunnar geti haft áhrif á líf þitt núna? Hvers vegna?

SUMIR SEGJA: „Framtíðarloforð Biblíunnar eru of góð til að vera sönn.“

- Hvers vegna finnst þér mikilvægt að skoða málið sjálfur?

SAMANTEKT

Biblían lofar okkur hamingjuríkri framtíð og gefur okkur þannig von og hjálp til að takast á við erfiðleika.

Upprifjun

- Hvers vegna þarf fólk að kynnst loforðum Guðs?
- Hvernig lýsir Biblían framtíðinni?
- Hvernig geturðu haft gagn af því núna að eiga góða framtíðarvon?

Kafla lokið þann

Markmið

- Kynnst betur loforðum Biblíunnar með því að lesa biblíuversin í þessum kafla.
- Annað:



Skannaðu merkið eða farðu inn á ritið
Von um bjarta framtíð á jw.org til
að finna allt efni sem tengist KAFLA 02.

K A N N A Ð U




Lærðu meira um mátt vonarinnar.

„Hvar er hægt að finna sanna von?“
(Greinar úr *Vaknið!*)



Sjáðu hvernig von um framtíðina getur hjálpað þeim sem glíma við langvinn veikindi.

„Langvinn veikindi – getur Biblían komið að gagni?“ (Vefgrein)



Horfðu á tónlistarmyndbandið og sjáðu þig og fjölskyldu þína fyrir þér njóta lífsins í þeirri paradís sem Biblían lofar.

Brátt kemur sú stund



Lestu um hvernig líf umhverfisverndarsinna breyttist þegar hann kynntist loforðum Biblíunnar um framtíðina.

„Mér finnst ekki lengur eins og ég þurfi að breyta heiminum“
(*Varðturninn* 1. september 2013)

Er hægt að treysta Biblíunni?

Í Biblíunni er að finna mörg loforð og hún gefur mörg ráð. Þú ert líklega forvitinn um hvað hún kennir, en kannski líka á varðbergi. Ættirðu að treysta loforðum og ráðum svona gamallar bókar? Er hægt að hafa gagn af Biblíunni nú á dögum? Og getum við treyst því sem hún segir um framtíðina? Milljónir manna gera það. Við hvetjum þig til að kanna hvort þú getir það líka.

1. Er Biblían byggð á staðreyndum?

Biblían segist hafa að geyma „**sannleiksorð**“ (Prédikarinn 12:10) Hún segir frá atburðum sem gerðust í raun og veru og fólki sem var til. (Lestu Lúkas 1:3; 3:1, 2.) Margir sagnfræðingar og fornleifafræðingar hafa staðfest að það sem Biblían segir um vissa staði, tímasetningar, fólk og atburði sé rétt.

2. Hvernig vitum við að Biblían er ekki úrelt?

Biblían hefur á margan hátt reynst á undan sinni samtíð. Hún minnst til dæmis á vísindaleg málefni. Margt sem hún segir um þau mál var umdeilt þegar það var skrifað. En nútímavísindi staðfesta að það sem Biblían segir sé satt. Hún er „**áreiðanleg ... um aldur og ævi**“ – Sálmur 111:7, 8.

3. Hvers vegna ættum við að treysta því sem Biblían segir um framtíðina?


Í Biblíunni eru spádómar sem sögðu fyrir um „**það sem eigi var enn fram komið**“ (Jesaja 46:10) Hún sagði nákvæmlega frá sögulegum atburðum löngu áður en þeir gerðust. Hún gaf líka nákvæma lýsingu á heimsástandinu nú á dögum. Í þessum kafla skoðum við nokkra af spádómum Biblíunnar. Þeir eru ótrúlega nákvæmir!

Kynntu þér hvernig nútímavísindi samræmast Biblíunni og kannaðu nokkra áhrifamikla biblíuspádóma.

4. Vísindin samræmast Biblíunni

Til forna héldu flestir að jörðin hvíldi á einhverju.

Spilið MYNDBANDIÐ.



MYNDBAND: Jörðin svífur í geimnum (1:13)

Taktu eftir því sem var skráð í Jobsbók fyrir um 3.500 árum.



Lesið Jobsbók 26:7 og ræðið síðan eftirfarandi spurningu:

- Hvers vegna er sérstakt að það skuli vera talað um að jörðin ,svífi í geimnum'?

Það var ekki fyrr en á 19. öld að menn fóru að skilja vel hringrás vatnsins. En taktu eftir hvað Biblían sagði fyrir um 3.500 árum.

Lesið Jobsbók 36:27, 28 og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvað finnst þér eftirtektarvert við þessa einföldu lýsingu á hringrás vatnsins?
- Auka biblíuversin sem þú varst að lesa traust þitt til Biblíunnar?



MYNDBAND: Biblían spáði fyrir um fall Babýlonar (0:58)

5. Biblían spáði fyrir um mikilvæga atburði

Lesið Jesaja 44:27–45:2 og ræðið síðan eftirfarandi spurningu:

- Hverju spáði Biblían 200 árum fyrir fall Babýlonar?

Spilið MYNDBANDIÐ.

Sagnfræðin staðfestir að Kýrus Persakonungur og her hans hafi unnið borgina Babýlon árið 539 f.Kr.* Þeir veittu ánni, sem verndaði borgina, í annan farveg. Síðan fóru þeir inn um borgarhliðin sem skilin höfðu verið eftir opin og hertóku borgina án bardaga. Núna, meira en 2.500 árum seinna, er Babýlon rústir einar. Skoðum nú það sem Biblían spáði.

Lesið Jesaja 13:19, 20 og ræðið síðan eftirfarandi spurningu:

- Hvernig rættist þessi spádómur á Babýlon?

* Skammstöfunin f.Kr. merkir „fyrir Krist“ og e.Kr. merkir „eftir Krist“.



Rústir Babýlonar í Írak.

6. Biblían spáði fyrir um okkar daga

Biblían segir að við lifum á „síðustu dögum“. (2. Tímóteusarbréf 3:1) Taktu eftir því sem hún sagði fyrir um þann tíma.

Lesið Matteus 24:6, 7 og ræðið síðan eftirfarandi spurningu:

- Hvernig sagði Biblían að ástandið yrði á síðustu dögum?

Lesið 2. Tímóteusarbréf 3:1–5 og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvernig sagði Biblían að margt fólk myndi hegða sér á síðustu dögum?
- Hverju af þessu hefur þú tekið eftir í fari fólks?



SUMIR SEGJA: „Biblían er full af goðsögum og þjóðsögum.“

- Hver er að þínu mati sterkasta sönnunin fyrir því að Biblían sé áreiðanleg?

SAMANTEKT

Sagnfræði, vísindi og spádómar – allt gefur þetta til kynna að Biblían sé traustsins verð.

Upprifjun

- Er Biblían byggð á staðreyndum?
- Nefndu nokkur svið þar sem vísindin samræmast Biblíunni.
- Telur þú að Biblían spái fyrir um framtíðina? Hvers vegna?

Kafla lokið þann

Markmið

- Lesa eða horfa á eitthvað úr rammanum „Kannaðu“ til að auka traust þitt á Biblíuna.
- Annað:

KANNAÐU



Er eitthvað vísindalega rangt í Biblíunni?

„**Samræmist Biblían vísindum?**“ (Vefgrein)



Hvað segir Biblían um „síðustu daga“?

„**6 biblíuspádómar sem eru að rætast núna**“ (Varðturninn 1. júlí 2011)



Kynntu þér hvernig spádómar Biblíunnar um gríska heimsveldið rættust.

„**Spádómsorðið**“
veitir okkur styrk



Lestu um hvernig biblíuspádómar breyttu viðhorfi manns til Biblíunnar.

„**Ég trúði ekki að Guð væri til**“ (Varðturninn nr. 5 2017)



Skannaðu merkið eða farðu inn á ritið
Von um bjarta framtíð á jw.org til
að finna allt efni sem tengist KAFLA 03.

Hver er Guð?

Fólk hefur tilbeðið marga guði og gyðjur nánast frá því að mannkynið varð til. En Biblían talar um einn Guð sem „er öllum öðrum guðum meiri“. (2. Kroníkubók 2:4) Hver er hann og hvað gerir hann meiri öllum öðrum guðum sem fólk tilbiður? Í þessum kafla færðu að sjá hvernig Guð kynnir sig fyrir þér.

1. Hvað heitir Guð og hvað sýnir að hann vill að við þekkjum nafn hans?

Guð kynnir sig fyrir okkur í Biblíunni. Hann segir: „**Ég er Jehóva. Það er nafn mitt.**“ (Jesaja 42:8, *Nýheimsþýðing Biblíunnar*) „Jehóva“ er þýðing á hebresku nafni sem er talið merkja „hann lætur verða“. Jehóva vill að við þekkjum hann með nafni. (2. Mósebók 3:15) Hvernig vitum við það? Nafn hans er að finna meira en 7.000 sinnum í Biblíunni.* „Hinn eini sanni Guð“ á himni og jörð ber nafnið Jehóva. – Jóhannes 17:3.

2. Hvað segir Biblían okkur um Jehóva?

Biblían segir að af öllum guðum sem fólk tilbiður sé Jehóva hinn eini sanni Guð. Það eru nokkrar ástæður fyrir því. Jehóva fer með æðsta vald og hann einn er „**Hinn hæsti yfir allri jörðinni**“. (Lestu Sálms 83:19.) Hann er „hinn almáttugi“ sem þýðir að hann hefur mátt til að gera hvað sem hann ákveður. Hann „skapaði allt“ – alheiminn og allt líf á jörðinni. (Opinberunarbókin 4:8, 11) Jehóva er sá eini sem hefur alltaf verið til og verður alltaf til. – Sálmur 90:2.

* Hægt er að fá frekari upplýsingar um hvað nafn Guðs merkir og hvers vegna sumar bibliupýðingar hafa fjarlægð það í fyrsta kafla bæklingisins *Handbók biblíunemandans*.

K A F A Ð U D Ý P R A

Skoðaðu muninn á þeim mörgu titlum sem Guð ber og einstöku nafni hans. Kynntu þér síðan hvernig hann hefur opinberað þér nafn sitt og hvers vegna.

JEHÓVA



MYNDBAND: Margir titlar
en eitt nafn (0:41)

3. Guð ber marga titla en á aðeins eitt nafn

Spilið MYNDBANDIÐ til að sjá muninn á titlum og eigin nafni, og ræðið síðan eftirfarandi spurningu:

- Hver er munurinn á titli, eins og „Drottinn“, og á nafni?

Biblían segir að fólk tilbiðji marga guði og drottna.

Lesið Sálm 136:1–3 og ræðið síðan eftirfarandi spurningu:

- Hver er ‚guð guðanna‘ og ‚Drottinn drottanna‘?



MYNDBAND: Á Guð sér nafn?
– útdráttur (3:11)



4. Jehóva vill að þú þekkir nafn hans og notir það

Hvað sýnir að Jehóva vill að þú þekkir nafn hans?

Spilið MYNDBANDIÐ og ræðið síðan eftirfarandi spurningu:

- Hvers vegna heldurðu að Jehóva vilji að fólk þekki nafn hans?

Jehóva vill að fólk noti nafn hans. **Lesið Rómverjabréfið 10:13** og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Hve mikilvægt er að nota nafn Guðs, Jehóva?
- Hvernig líður þér þegar fólk man hvað þú heitir og notar nafn þitt?
- Hvernig heldurðu að Jehóva líði þegar þú notar nafn hans?

5. Jehóva vill að þú eignist náði samband við sig

Kona frá Kambódíu, sem heitir Soten, varð hamingjusamari en nokkru sinni fyrir eftir að hún kynntist nafni Guðs.

Spilið MYNDBANDIÐ og ræðið síðan eftirfarandi spurningu:

- Hvaða áhrif hafði það á Soten að kynnst nafni Guðs?

Maður veit yfirleitt hvað fólk heitir áður en maður verður vinur þess.

Lesið Jakobsbréfið 4:8a og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvað býður Jehóva þér að gera?
- Hvernig getur það gert þig nánari Guði að þekkja nafn hans og nota það?



MYNDBAND: Leit mín að hinum sanna Guði (8:18)



SUMIR SEGJA: „Það er bara einn Guð svo að það skiptir ekki máli hvað maður kallar hann.“

- Trúir þú að Guð heiti Jehóva?
- Hvernig myndir þú útskýra að Guð vill að við notum nafn hans?

SAMANTEKT

Hinn eini sanni Guð heitir Jehóva. Hann vill að við þekkjum nafn sitt og notum það svo að við getum átt náðið samband við hann.

Upprifjun

- Hvað gerir Jehóva ólíkan öllum öðrum guðum sem fólk tilbiður?
- Hvers vegna ættum við að nota nafn Guðs?
- Hvað sýnir að Jehóva vill að þú eigir náðið samband við sig?

Kafla lokið þann

Markmið

- Nota nafn Guðs, Jehóva, þegar þú talar um hann.
- Annað:



Skannaðu merkið eða farðu inn á ritið
Von um bjarta framtíð á jw.org til
að finna allt efni sem tengist KAFLA 04.

K A N N A Ð U



Skoðaðu fimm ástæður fyrir því að við getum verið viss um að Guð sé til.

„Er Guð til?“ (Vefgrein)



Lestu um hvers vegna er rökrétt að trúa því að Guð hafi alltaf verið til.

„Hver skapaði Guð?“
(Varðturninn 1. september 2014)



Kynntu þér hvers vegna við ættum að nota nafn Guðs þó að við vitum ekki hvernig það var borið fram til forna.

„Hver er Jehóva?“ (Vefgrein)



Skiptir máli hvað við köllum Guð? Kynntu þér hvernig við vitum að hann ber aðeins eitt eigin nafn.

„Hvað hefur Guð mörg nöfn?“
(Vefgrein)

Biblían hefur að geyma boðskap Guðs til okkar

Jehóva hefur gefið okkur stórkostlega gjöf, Biblíuna. Hún er 66 bækur í einu bindi. En þú veltir kannski fyrir þér: „Hvernig barst Biblían til okkar? Hver er höfundur hennar?“ Skoðum svörin við því.

1. Hvernig getur Guð verið höfundur Biblíunnar fyrst menn skrifuðu hana?

Um 40 ritara skrifuðu Biblíuna á um 1.600 árum, frá 1513 f.Kr. til um 98 e.Kr. Þó að ritararnir væru með ólíkan bakgrunn er öll Biblían sjálfri sér samkvæm. Hvernig getur það verið? Vegna þess að Guð er höfundur hennar. (Lestu 1. Þessaloníkubríf 2:13.) Ritarnir skráðu ekki sínar eigin hugsanir heldur sögðu þeir „**það sem kom frá Guði, knúnir af heilögum anda**“.* (2. Pétursbréf 1:21) Guð beitti heilögum anda sínum til að innblása mönnum, eða fá þá til, að skrá það sem hann hugsaði. – 2. Tímóteusarbréf 3:16.

2. Hverjir hafa aðgang að Biblíunni?

Fólk af „**hverri þjóð, ættflokki, tungu og kynþætti**“ getur notið góðs af fagnaðarboðskapnum í Biblíunni. (Lestu Opinberunarbókina 14:6.) Guð sá til þess að Biblían yrði fáanleg á fleiri tungumálum en nokkur önnur bók sögunnar. Nánast allir hafa aðgang að Biblíunni, hvar sem þeir búa og hvaða tungumál sem þeir tala.

3. Hvernig hefur Jehóva varðveitt Biblíuna?

Biblían var skrifuð á efni sem endast ekki lengi, eins og skinn og papírur. En menn sem elskuðu Biblíuna handskrifuðu af nákvæmni mörg afrit af henni. Þó að sumir valdamiklir menn hafi reynt að útrýma Biblíunni voru aðrir fúsir til að hætta lífi sínu til að vernda hana. Jehóva hefur ekki leyft neinum eða neinu að koma í veg fyrir að hann tali til okkar. Í Biblíunni segir: „**Orð Guðs vors varir að eilífu.**“ – Jesaja 40:8.

* Heilagur andi er starfskraftur Guðs, eins og útskýrt er í kafla 07.

K A F A Ð U D Ý P R A

Kynntu þér betur hvernig Guð innblés mönnum að skrifa Biblíuna, hvernig hann varðveitti hana og hvernig hann gerði hana mönnum aðgengilega.



Þó að ritari skrifi bréf er boðskapurinn frá þeim sem las honum það fyrir. Á sama hátt skrifuðu menn Biblíuna en boðskapur hennar er frá Guði.

4. Biblían segir hver höfundur hennar er

Spilið **MYNDBANDIÐ**. Lesið **2. Tímóteusarbréf 3:16** og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:



MYNDBAND: Hver er höfundur Biblíunnar? - útdráttur (2:48)

- Hvers vegna er Biblían kölluð orð Guðs fyrst menn skrifuðu hana?
- Finnst þér skynsamlegt að trúna að Guð hafi getað flutt hugsanir sínar til manna sem skrifuðu Biblíuna?

5. Biblían hefur staðið af sér árásir

Fyrst Biblían er frá Guði gerum við ráð fyrir að hann varðveiti hana. Í gegnum tíðina hafa valdamiklir menn reynt að útrýma Biblíunni. Trúarleiðtogar vildu ekki að fólk læsi hana. En margir hafa hætt lífinu til að vernda Biblíuna þrátt fyrir andstöðu og líflátshótanir. **Spilið MYNDBANDIÐ** til að kynnst einum slíkum manni og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Hefurðu meiri löngun til að lesa Biblíuna núna þegar þú veist hve miklu menn voru fúsir að fórna til að vernda hana? Hvers vegna?

Lesið **Sálm 119:97** og ræðið síðan eftirfarandi spurningu:

- Hvað hefur fengið marga til að hætta lífi sínu til að þýða Biblíuna og dreifa henni?



MYNDBAND: Þeir mátu Biblíuna mikils - útdráttur (William Tyndale) (6:17)

6. Bók fyrir alla

Engin bók hefur verið þýdd á eins mörg tungumál og náð eins mikilli útbreiðslu og Biblían. Lesið **Postulasöguna 10:34, 35** og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvers vegna vill Guð að orð sitt sé útbreitt svo víða og þýtt á svo mörg tungumál?
- Hvað höfðar til þín varðandi Biblíuna?

Næstum

100%

jarðarbúa

hafa aðgang að
Biblíunni á tungumáli
sem þeir skilja.



Fáanleg á
meira en

3.000

tungumálum

í heild eða að hluta.

5.000.000.000

Áætlaður fjöldi eintaka.

Langtum fleiri en af nokkurri annarri bók.

SUMIR SEGJA: „Biblían er bara gömul bók sem er skrifuð af mönnum.“

- Hver er þín skoðun?
- Hvaða rök höfum við fyrir því að Biblían sé orð Guðs?

SAMANTEKT

Biblían er orð Guðs og hann hefur séð til þess að hún sé öllum aðgengileg.

Upprifjun

- Hvað er átt við þegar sagt er að Guð hafi innblásið mönnum að skrifa Biblíuna?
- Hvað finnst þér áhugavert varðandi varðveislu Biblíunnar, þýðingu hennar og útbreiðslu?
- Hvernig líður þér þegar þú hugsar um hve mikið Guð hefur lagt á sig til að eiga samskipti við þig?

Kafla lokið þann

Markmið

- Byrja að lesa reglulega í Biblíunni með hjálp listans „Byrjaðu að lesa Biblíuna“.
- Annað:

K A N N A Ð U



Lestu um sögu Biblíunnar – frá fornum handritum til nútímaþýðinga.

„Hvernig varðveittist Biblían fram á okkar daga?“ (Vaknið! janúar 2008)



Kynntu þér hvernig Biblían hefur varðveist þrátt fyrir þrjár alvarlegar ógnir.


„Biblían – hvernig hefur hún varðveist?“ (Varðturninn nr. 4 2016)



▶ 14:26

Sjáðu hvaða áhættu fólk tók til að þýða Biblíuna.

Þeir mátu Biblíuna mikils



Biblían hefur verið þýdd og afrituð mörgum sinnum. Hvernig getum við verið viss um að boðskapur hennar hafi varðveist óbreyttur?

„Hefur Biblíunni verið breytt?“ (Vefgrein)



Skannaðu merkið eða farðu inn á ritið
Von um bjarta framtíð á jw.org til
að finna allt efni sem tengist KAFLA 05.

Hvernig kviknaði lífið?

„Hjá [Guði] er uppspretta lífsins.“ (Sálmur 36:10) Trúir þú því? Sumir telja að lífið hafi orðið til fyrir tilviljun. Ef það er rétt urðum við bara til fyrir slysi. En ef Jehóva skapaði lífið hlýtur hann að hafa gert það í ákveðnum tilgangi.* Skoðaðu það sem Biblían segir um uppruna lífsins og hvers vegna er rökrétt að trúa því.

1. Hvernig varð alheimurinn til?

Í Biblíunni segir: „Í upphafi skapaði Guð himin og jörð.“ (1. Mósebók 1:1) Flestir vísindamenn eru sammála um að alheimurinn eigi sér upphaf. Hvernig skapaði Guð hann? Hann notaði starfskraft sinn – heilagan anda – til að mynda alheiminn, þar á meðal vetrarbrautir, stjörnur og plánetur. – 1. Mósebók 1:2.

2. Hvers vegna skapaði Guð jörðina?

Jehóva „**skapaði [jörðina] ekki sem auðn heldur gerði hana byggilega**“.
(Jesaja 45:18) Hann gerði jörðina að þægilegu og varanlegu heimili fyrir manninn. (Lestu Jesaja 40:28; 42:5.) Vísindin sýna fram á að jörðin er einstök. Hún er eina plánetan sem vitað er um þar sem mannlíf getur þrífist.

3. Hvað gerir menn ólíka dýrunum?

Eftir að Jehóva myndaði jörðina skapaði hann líf á henni. Hann byrjaði á plöntum og dýrum. Síðan „**skapaði [Guð] manninn eftir sinni mynd**“.
(Lestu 1. Mósebók 1:27.) Hvað gerir manninn einstakan? Þar sem við erum sköpuð eftir mynd Guðs getum við endurspeglað eiginleika hans, eins og kærleika og réttlæti. Hann skapaði okkur líka þannig að við getum lært tungumál, metið fegurð og notið tónlistar. Og ólíkt dýrunum getum við tilbeðið skapara okkar.

* Kafli 25 fjallar um fyrirætlun Guðs með mannkynið.

Skoðu merki þess að lífið sé hannað og að sköpunarsaga Biblíunnar sé rökrétt. Kynntu þér hvað við lærum um Guð af góðum eiginleikum manna.



MYNDBAND: Trú á Guð (2:43)

Vissir þú?

Hægt er að finna greinar og myndbönd um þetta efni á jw.org í flokkunum „Býr hönnun að baki?“ og „Viðhorf til uppruna lífsins“.

4. Lífið var hannað

Menn fá hrós fyrir að líkja eftir hönnun í náttúrunni. Hver ætti þá að fá hrós fyrir fyrirmyndina? **Spilið MYNDBANDIÐ** og ræðið síðan eftirfarandi spurningu:

- Hverju í náttúrunni hafa hönnuðir líkt eftir?

Öll hús eru hönnuð og gerð af einhverjum. En hver hannaði og gerði það sem er í náttúrunni? **Lesið Hebreabréfið 3:4** og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvaða hönnun í náttúrunni finnst þér heillandi?
- Er skynsamlegt að trúna að alheimurinn og allt í honum hafi verið hannað? Hvers vegna?

„Öll hús eru auðvitað byggð af einhverjum en Guð er sá sem hefur gert allt.“





MYNDBAND: *Var alheimurinn skapaður? – útdráttur (3:51)*



5. Sköpunarsaga Biblíunnar er rökrétt

Í fyrsta kafla 1. Mósebókar er uppruna jarðarinnar og lífsins á henni lýst. Er hægt að treysta þessari frásögu eða er hún bara goðsögn? **Spilið MYNDBANDIÐ** og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Kennir Biblían að jörðin og lífið á henni hafi verið skapað á sex sólarhringum?
- Finnst þér sköpunarsaga Biblíunnar vera rökrétt? Hvers vegna?

Lesið 1. Mósebók 1:1 og ræðið síðan eftirfarandi spurningu:

- Vísindamenn segja að alheimurinn eigi sér upphaf. Hvernig samræmist það því sem þú varst að lesa í Biblíunni?

Sumir velta fyrir sér hvort Guð hafi notað þróun til að skapa lífið? **Lesið 1. Mósebók 1:21, 25, 27** og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Kennir Biblían að Guð hafi skapað einföld lífsform og látið þau síðan *þróast* í fiska, spendýr og menn? Eða *skapaði* hann allar helstu tegundir lífs?

6. Menn eru einstök sköpun Guðs

Við erum ólík dýrunum sem Jehóva skapaði. **Lesið 1. Mósebók 1:26** og ræðið síðan eftirfarandi spurningu:

- Hvað segir geta okkar til að sýna kærleika og samúð um persónuleika Guðs þar sem við erum sköpuð eftir hans mynd?

SUMIR SEGJA: „Sköpunarsaga Biblíunnar er goðsögn.“

- Hvað heldur þú? Hvers vegna?

SAMANTEKT

Jehóva skapaði alheiminn og allt líf.

Upprifjun

- Hvað kennir Biblían um uppruna alheimsins?
- Lét Guð hinar ýmsu tegundir lífs þróast úr einföldu lífsformi eða skapaði hann þær allar?
- Hvað gerir manninn einstakan?

Kafla lokið þann

Markmið

- Lesa grein eða horfa á myndband úr flokknum „Býr hönnun að baki?“ á jw.org.
- Annað:




Skannaðu merkið eða farðu inn á ritið
Von um bjarta framtíð á jw.org til
að finna allt efni sem tengist KAFLA 06.

K A N N A Ð U



Skoðaðu merki um hönnun í náttúrunni.

„Hvað má læra af náttúrunni?“ (Vaknið! október 2006)



Sjáðu hvernig faðir útskýrir sköpunarsögu Biblíunnar fyrir ungum syni sínum.

Jehóva skapaði alla hluti



Lestu um hvort þróun samrýmist Biblíunni.

„Notaði Guð þróun til að skapa hinar ýmsu tegundir lífs?“ (Vefgrein)



Kynntu þér hvort steingervingasagan eða vísindarannsóknir bendi til að lífið hafi verið skapað eða orðið til af tilviljun.

Fimm áhugaverðar spurningar um uppruna lífsins (Bæklingur)

Hvernig Guð er Jehóva?

Hvað sérðu fyrir þér þegar þú hugsar um Jehóva Guð? Er hann mikilfenglegur en langt í burtu frá þér, eins og fjarlæg stjörnuþoka? Eða er hann kraftmikið ópersónulegt afl, eins og þrumuveður? Hvernig er Jehóva í raun og veru? Í Biblíunni segir Jehóva frá eiginleikum sínum og lætur auk þess í ljós áhuga sinn á þér.

1. Hvers vegna getum við ekki séð Guð?

„Guð er andi.“ (Jóhannes 4:24) Jehóva er ekki með efnislegan líkama. Hann er ósýnileg andavera sem býr á himnum.

2. Hvaða eiginleikum býr Jehóva yfir?

Þó að Jehóva sé ósýnilegur er hann raunveruleg persóna með aðlaðandi eiginleika. Í Biblíunni segir: „Drottinn hefur mætur á réttlæti og yfirgefur eigi sína trúuðu.“ (Sálmur 37:28) Hann er einnig „mjög umhyggjusamur og miskunnsamur“, ekki síst gagnvart þeim sem þjást. (Jakobsbréfið 5:11) „Drottinn er nálægur þeim sem hafa sundurmarið hjarta, hann hjálpar þeim sem hafa sundurkraminn anda.“ (Sálmur 34:19) Og vissirðu að það sem við gerum hefur áhrif á Jehóva? Sá sem velur að gera illt veldur Jehóva vonbrigðum og hryggir hann. (Sálmur 78:40, 41) En sá sem gerir það sem er rétt gleður hann. – Lestu Orðskviðina 27:11.

3. Hvernig sýnir Jehóva að hann elskar okkur?

Mest áberandi eiginleiki Jehóva er kærleikur. „Guð er kærleikur.“ (1. Jóhannesarbréf 4:8) Jehóva birtir kærleika sinn ekki aðeins í Biblíunni heldur einnig í því sem hann skapaði. (Lestu Postulasöguna 14:17.) Veltu til dæmis fyrir þér hvernig hann skapaði okkur. Hann hefur gert okkur kleift að sjá fallega liti, heyra ánægjulega tónlist og finna bragð af ljúffengum mat. Hann vill að við njótum lífsins.

Kynntu þér hvernig Jehóva kemur mörgu stórkostlegu til leiðar. Skoðaðu síðan hvernig Jehóva sýnir okkur aðlaðandi eiginleika sína.

4. Heilagur andi er starfskraftur Guðs

Jehóva notar heilagan anda sinn til að vinna, rétt eins og við notum hendurnar. Í Biblíunni kemur fram að heilagur andi er ekki persóna heldur krafturinn sem Guð notar til að framkvæma. **Lesið Lúkas 11:13 og Postulasöguna 2:17** og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Guð ‚úthellir‘ heilögum anda sínum yfir þá sem biðja um hann. Hvort heldur þú að heilagur andi sé persóna eða starfskraftur Guðs? Hvers vegna heldurðu það?

Jehóva beitir heilögum anda sínum til að gera margt stórkostlegt. **Lesið Sálms 33:6 og 2. Pétursbréf 1:20, 21** og ræðið síðan eftirfarandi spurningu:

- Hvernig hefur Jehóva meðal annars notað heilagan anda sinn?



5. Jehóva býr yfir aðlaðandi eiginleikum

Móse var trúfastur þjónn Guðs, en hann vildi kynnast skapara sínum betur. Hann sagði við Guð: „Skýrðu mér ... frá vegum þínum svo að ég megi þekkja þig.“ (2. Mósebók 33:13) Jehóva svaraði Móse með því að segja honum frá nokkrum eiginleikum sínum. **Lesið 2. Mósebók 34:4–6** og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvaða eiginleikum sínum sagði Jehóva Móse frá?
- Hvaða eiginleiki Jehóva höfðar sérstaklega til þín?



6. Jehóva er annt um fólk

Hebrear, þjóð Guðs til forna, voru þrælar í Egyptalandi. Hvaða áhrif hafði það á Jehóva þegar þeir þjáðust? **Spilið HLJÓÐUPPTÖKUNA** og fylgist með í Biblíunni, eða **lesið 2. Mósebók 3:1–10**. Ræðið síðan eftirfarandi spurningar:



HLJÓÐUPPTAKA: *Jehóva stóð ekki á sama um þjáningar þeirra (2:45)*

- Hvað segir þessi frásaga þér um það hvernig Jehóva lítur á þjáningar manna? – Sjá 7. og 8. vers.
- Heldur þú að Jehóva vilji hjálpa mönnum og að hann sé fær um það? Hvers vegna heldurðu það?

7. Sköpunin endurspeglar eiginleika Jehóva

Jehóva opinberar eiginleika sína með sköpunarverkinu. **Spilið MYNDBANDIÐ**. **Lesið Rómverjabréfið 1:20** og ræðið síðan eftirfarandi spurningu:



MYNDBAND: *Sköpunarverkið endurspeglar kærleika Jehóva – mannlíkaminn (1:57)*

- Hvaða eiginleika Jehóva sérð þú í því sem hann hefur skapað?

SUMIR SEGJA: „Guð er ekki persóna, hann er bara kraftur sem er alls staðar.“

- Hvað heldur þú?
- Hvers vegna?

SAMANTEKT

Jehóva er ósýnileg andavera með marga aðlaðandi eiginleika, en helsti eiginleiki hans er kærleikur.

Upprifjun

- Hvers vegna getum við ekki séð Jehóva?
- Hvað er heilagur andi?
- Nefndu nokkra af eiginleikum Jehóva.

Kafla lokið þann

Markmið

- Lesa Sálms 23 og reyna að koma auga á hvað hann kennir þér um Guð sem persónu.
- Annað:



Skannaðu merkið eða farðu inn á ritið
Von um bjarta framtíð á jw.org til
að finna allt efni sem tengist KAFLA 07.

K A N N A Ð U



Kynnstu Jehóva betur með því að fræðast um fjóra áberandi eiginleika hans.

„Hvernig er Guð?“ (Varðturninn nr. 1 2019)



Kynntu þér rökin fyrir því að Jehóva sé ekki alls staðar.

„Er Guð alls staðar?“ (Vefgrein)



Lestu um hvers vegna Biblían talar um heilagan anda sem hendur Guðs.

„Hvað er heilagur andi?“ (Vefgrein)



Blindur maður átti erfitt með að trúa því að Guði væri annt um hann. Kynntu þér hvað fékk hann til að skipta um skoðun.

„Núna finnst mér ég geta hjálpað öðrum“ (Grein úr Varðturninum)

Þú getur verið vinur Jehóva

Jehóva vill að þú kynnist sér betur. Hann vonar að því betur sem þú kynnist eiginleikum hans, framkomu og fyrirætlun því meira langi þig til að vera vinur hans. Heldurðu að þú getir í raun verið vinur Guðs? (Lestu Jakobsbréfið 2:23.) Hvernig geturðu orðið vinur hans? Biblían svarar þessum spurningum og sýnir hvers vegna vinátta við Jehóva er mikilvægasta samband sem þú getur átt.

1. Hvað býður Jehóva þér að gera?

„Nálgist Guð og þá mun hann nálgast ykkur.“ (Jakobsbréfið 4:8) Hvað merkir það? Jehóva er að bjóða þér vináttu sína. Sumir eiga erfitt með að ímynda sér að geta verið vinur einhvers sem þeir geta ekki séð, hvað þá að vera vinur Guðs. En í orði sínu, Biblíunni, segir Jehóva okkur allt sem við þurfum að vita um hann til að nálgast hann. Vinátta okkar við Jehóva styrkist þegar við lesum boðskap hans til okkar í Biblíunni, jafnvel þó að við höfum aldrei séð hann.

2. Hvers vegna er Jehóva besti vinur sem þú getur átt?

Jehóva elskar þig meira en nokkur annar. Hann vill að þú njótir hamingju og að þú leitir til hans hvenær sem þú þarft á hjálp að halda. Þú getur **varpað öllum áhyggjum þínum á hann því að hann ber umhyggju fyrir þér**. (1. Pétursbréf 5:7) Jehóva er alltaf tilbúinn að styðja, hugga og hlusta á vini sína. – Lestu Sálmu 94:18, 19.

3. Hvers ætlast Jehóva til af vinum sínum?

Jehóva elskar alla menn en „**ráðvandarir menn eru alúðarvinir hans**“ (Orðskviðirnir 3:32) Jehóva ætlast til að vinir hans reyni að gera það sem er gott í hans augum og forðast það sem hann telur slæmt. Sumir halda kannski að þeir geti aldrei lifað í samræmi við staðla Jehóva um hvað sé gott og slæmt. En Jehóva er skilningsríkur. Hann tekur á móti öllum sem elska hann í raun og veru og gera sitt besta til að þóknast honum. – Sálmur 147:11; Postulasagan 10:34, 35.

Lærðu meira um hvernig þú getur orðið vinur Jehóva og hvers vegna hann er besti vinur sem þú getur átt.

4. Abraham var vinur Jehóva

Frásaga Bibliunnar af Abraham (einnig kallaður Abram) hjálpar okkur að skilja hvað það þýðir að vera vinur Guðs. **Lesið um Abraham í 1. Mósebók 12:1–4.** Ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvað bað Jehóva Abraham að gera?
- Hverju lofaði Jehóva honum?
- Hvernig brást Abraham við fyrirmælum Jehóva?

5. Það sem Jehóva biður vini sína um

Við væntum yfirleitt einhvers af vinum okkar.

- Hvernig vilt þú að vinir þínir komi fram við þig?

Lesið 1. Jóhannesarbréf 5:3 og ræðið síðan eftirfarandi spurningu:

- Hvers ætlast Jehóva til af vinum sínum?

Við getum þurft að breyta skapgerð okkar og hegðun til að hlýða Jehóva. **Lesið Jesaja 48:17, 18** og ræðið síðan eftirfarandi spurningu:

- Hvers vegna biður Jehóva vini sína um að gera breytingar?



Góður vinur minnir okkur á það sem er okkur til gagns og verndar. Jehóva gerir það sama fyrir vini sína.



Nánir vinir hjálpa þér þegar þú þarft á því að halda. Jehóva hjálpar þér líka.

6. Það sem Jehóva gerir fyrir vini sína

Jehóva hjálpar vinum sínum að takast á við erfiðleika. **Spilið MYNDBANDIÐ** og ræðið síðan eftirfarandi spurningu:



MYNDBAND: *Jehóva hefur hjálpað mér svo mikið (3:20)*

- Hvernig hefur Jehóva hjálpað konunni í myndbandinu að takast á við neikvæðar hugsanir og tilfinningar?

Lesið Jesaja 41:10, 13 og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvað lofar Jehóva að gera fyrir alla vini sína?
- Heldur þú að Jehóva geti verið góður vinur? Hvers vegna?

SUMIR SEGJA: „Það er ekki hægt að vera náinn Guði.“

- Hvaða biblíuvers myndir þú nota til að sýna fram á að við getum verið vinir Jehóva?

7. Við þurfum að eiga samskipti við Jehóva til að geta verið vinir hans

Samskipti styrkja vináttu. **Lesið Sálm 86:6, 11** og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvernig getum við talað við Jehóva?
- Hvernig talar Jehóva við okkur?



Við tölum við Jehóva í bæn og hann talar við okkur í Biblíunni.

SAMANTEKT

Jehóva vill vera vinur þinn og hann hjálpar þér að nálgast sig.

Upprifjun

- Hvernig hjálpar Jehóva vinum sínum?
- Hvers vegna segir Jehóva vinum sínum að gera breytingar?
- Finnst þér Jehóva ætlast til of mikils af vinum sínum? Hvers vegna?

Kafla lokið þann

Markmið

- Segja vini frá einhverju sem þú hefur lært um Jehóva.
- Annað:

K A N N A Ð U



Hvaða áhrif getur vinátta við Guð haft á líf þitt?

„Jehóva er Guð sem er þess virði að þekkja“ (Grein úr *Varðturninum*)



Lestu um hvernig þú getur ræktað vináttusamband við Guð.

„Hvernig get ég orðið vinur Guðs?“ (*Spurningar unga fólksins* – svör sem duga, 2. bindi, kafli 35)



Kynntu þér hvers vegna konu nokkurri finnst það hafa bjarg- að lífi sínu að eignast vináttu við Jehóva.

„Mig langaði ekki til að deyja“ (*Varðturninn* nr. 1 2017)



▶ 1:46

Hlustaðu á unglinga segja hvað þeim finnst um Jehóva.

Hvað felur það í sér að vera vinur Jehóva?



Skannaðu merkið eða farðu inn á ritið
Von um bjarta framtíð á jw.org til
að finna allt efni sem tengist KAFLA 08.

Bænin hjálpar þér að nálgast Guð

Finnst þér þú stundum þurfa á leiðsögn að halda? Vantar þig svör við mikilvægum spurningum? Vantar þig huggun eða hughreystingu? Langar þig að eiga nánara samband við Jehóva? Bænin getur hjálpað þér með allt þetta. En hvernig eigum við að biðja? Hlustar Guð á allar bæninir? Hvað geturðu gert til að vera viss um að hann heyri þínar bæninir? Skoðum málið.

1. Hvert eigum við að beina bænum okkar og um hvað getum við beðið?

Jesús kenndi að við ættum aðeins að biðja til föður okkar á himnum. Jesús bað sjálfur til Jehóva. Hann sagði: „**Þið skuluð biðja þannig: ‚Faðir okkar á himnum ...‘**“ (Matteus 6:9) Við styrkjum samband okkar við Jehóva með því að biðja til hans.

Við getum talað við Guð í bæn um nánast hvað sem er. Bæninir okkar þurfa að sjálfsögðu að vera í samræmi við vilja Guðs til að hann svari þeim. „**Guð heyrir okkur, hvað sem við biðjum um samkvæmt vilja hans.**“ (1. Jóhannesarbréf 5:14) Jesús nefndi dæmi um það sem er viðeigandi að biðja um. (Lestu Matteus 6:9–13.) Við getum beðið um það sem snertir okkur persónulega, en við ættum líka að muna eftir að þakka Guði fyrir það sem hann hefur gert fyrir okkur og biðja hann að hjálpa öðrum.

2. Hvernig eigum við að biðja?

Biblían hvetur okkur til að „**úthella hjarta okkar fyrir Guði**“. (Sálmur 62:9) Bæninir okkar eiga því að vera einlægir. Við getum beðið upphátt eða í hljóði og í hvaða líkamsstöðu sem sýnir virðingu. Við getum beðið hvar og hvenær sem er.

3. Hvernig svarar Guð bænum okkar?

Hann gerir það á ýmsa vegu. Jehóva hefur gefið okkur orð sitt, Biblíuna, og þar finnum við oft svör við spurningum okkar. Að lesa í orði Guðs „**gerir hinn fávísa vitran**“. (Sálmur 19:8; lestu Jakobsbréfið 1:5.) Jehóva getur gefið okkur hugarfrið þegar við glímum við vandamál. Og hann getur fengið þjóna sína til að hjálpa okkur þegar við þurfum á því að halda.

Skoðaðu hvernig þú getur beðið innilegra bæna sem eru Guði þóknarlegar og kynntu þér hvernig bænin getur gagnast þér.

4. Bænir okkar til Guðs þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði


Hvað ræður því hvort Guð hafi velþóknun á bænum okkar? **Spilið MYNDBANDIÐ.**

Jehóva vill að við biðjum til hans. **Lesið Sálm 65:3** og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Heldurðu að sá „sem heyrir bænir“ vilji að þú biðjir til hans? Hvers vegna?

Ef við viljum að Guð heyrir bænir okkar verðum við að reyna að lifa í samræmi við meginreglur hans. **Lesið Míka 3:4 og 1. Pétursbréf 3:12** og ræðið síðan eftirfarandi spurningu:

- Hvað getum við gert til að vera viss um að Jehóva hlusti á bænir okkar?



MYNDBAND: Hlustar Guð á allar bænir? – útdráttur (2:42)

Menn biðja oft Guð um sigur beggja megin víglínunnar í stríði. Er rökrétt að ætla að Guð svari slíkum bænum?



Góður faðir vill að barn sitt segi honum hvað því liggur á hjarta. Jehóva vill sömuleiðis að við biðjum til hans frá hjartanu.

5. Bænir okkar ættu að koma frá hjartanu

Sumum hefur verið kennt að fara með sömu bænirnar aftur og aftur. En vill Guð að við biðjum þannig til hans? **Lesið Matteus 6:7** og ræðið síðan eftirfarandi spurningu:

- Hvernig geturðu komist hjá því að „fara með sömu orðin aftur og aftur“ í bænum þínum?

Hugsaðu um eitthvað ákveðið á hverjum degi sem þú getur þakkað Jehóva fyrir. Ef þú gerir það í heila viku hefurðu gert sjö mismunandi atriði að bænarefni.

6. Bænin er gjöf frá Guði

Hvernig getur bænin gefið okkur styrk, bæði þegar vel gengur og illa? [Spilið MYNDBANDIÐ.](#)

Biblían lofar því að bænin veiti okkur hugarfrið. [Lesið Filippibréfið 4:6, 7](#) og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvernig hjálpar bænin okkur þó að hún losi okkur ekki alltaf við vandamál okkar?
- Hvað myndir þú vilja tala við Guð um í bæn?



MYNDBAND: Bænin hjálpar okkur að halda út (1:32)

Vissir þú?

Orðið „amen“ merkir ‚verði svo‘ eða ‚vissulega‘. „Amen“ hefur verið sagt í lok bæna allt frá biblíutímanum. – 1. Kroníkubók 16:36.



7. Gefðu þér tíma til að biðja

Stundum getum við verið svo upptekin að við gleymum að biðja. Hversu mikilvæg var bænin fyrir Jesú? [Lesið Matteus 14:23 og Markús 1:35](#) og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvað gerði Jesús til að hafa tíma til að biðja?
- Hvenær getur þú tekið þér tíma til að biðja?

SUMIR SEGJA: „Bænin er bara leið til að láta manni líða betur.“

- Hvað myndir þú segja við því?

SAMANTEKT

Einlægar bænir gera okkur nánari Guði, veita okkur hugarfrið og gefa okkur þann styrk sem við þurfum til að þóknast Jehóva.

Upprifjun

- Hvert eigum við að beina bænum okkar?
- Hvernig ættum við að biðja?
- Hvaða gagn höfum við af bæninni?

Kafla lokið þann

Markmið

- Biðja um eitthvað sem liggur þér á hjarta, eitthvað sem þú getur þakkað Jehóva fyrir og eitthvað sem gagnast öðrum.
- Annað:



Skannaðu merkið eða farðu inn á ritið
Von um bjarta framtíð á jw.org til
að finna allt efni sem tengist KAFLA 09.

K A N N A Ð U



Skoðaðu svörin við algengum spurningum um bænina.

„Sjð spurningum um bænina svarað“ (Greinar úr *Varðturninum*)




Lestu um hvers vegna þú ættir að biðja og hvernig þú getur gert bænir þínar innihaldsríkari.

„Af hverju ætti ég að fara með bænir?“ (Vefgrein)



Kynntu þér hvað Biblían segir um það hvert við eigum að beina bænum okkar.

„Ætti ég að biðja til dýrlinga?“ (Vefgrein)



Taktu eftir í þessu tónlistarmyndbandi hvort það skiptir máli hvar eða hvenær við biðjum.

Ég get beðið til Guðs hvar sem er

Hvaða gagn getur þú haft af samkomum Votta Jehóva?

Hefur þér verið boðið á samkomu hjá Vottum Jehóva? Þú ert kannski dálítill kvíðinn að mæta ef þú hefur aldrei komið áður. Þú veltir kannski fyrir þér: „Hvernig fara þessar samkomur fram? Hvers vegna eru þær mikilvægar? Hvers vegna ætti ég að mæta?“ Í þessum kafla kemstu að því hvaða gagn þú hefur af því að sækja samkomur og hvernig þær geta hjálpað þér að nálgast Guð.

1. Hver er mikilvægasta ástæðan fyrir því að safnast saman?

Bíblíuritari bendir á hver sé mikilvægasta ástæðan fyrir því að koma saman: „Ég vil lofa Drottin í söfnuðinum.“ (Sálmur 26:12) Vottar Jehóva njóta þess sömuleiðis að koma saman. Um allan heim hittast þeir í hverri viku til að lofa Guð, syngja og biðja saman. Nokkrum sinnum á ári halda þeir líka stærri mót.

2. Hvað lærirðu þegar þú kemur á samkomur?

Á samkomunum er lögð áhersla á að **útskýra** orð Guðs. (Lestu Nehemíabók 8:8.) Þar kynnistu Jehóva og dásamlegum eiginleikum hans. Þegar þú fræðist meira um kærleika hans til þín verðurðu nánari honum. Þú kemst líka að því hvernig hann getur hjálpað þér að eiga innihaldsríkt líf. – Jesaja 48:17, 18.


3. Hvernig geturðu notið góðs af félagsskap annarra á samkomunum?

Í orði Jehóva segir: „Berum umhyggju hvert fyrir öðru svo að við hvetjum hvert annað til kærleika og góðra verka. Vanrækjum ekki samkomur okkar.“ (Hebreabréfið 10:24, 25) Á samkomunum kynnumst við fólki sem er innilega annst hverju um annað og hefur áhuga á að læra meira um Guð rétt eins og þú. Þú færð uppörvun af því að heyra aðra tjá sig um trú sína. (Lestu Rómverjabréfið 1:11, 12.) Þú kynnist líka öðrum, bæði einhleypum og giftum, sem eru ánægðir þrátt fyrir ýmsa erfiðleika. Þetta eru aðeins nokkrar af ástæðunum fyrir því að Jehóva vill að við söfnumst saman reglulega.

K A F A Ð U D Ý P R A

Kynntu þér hvernig samkomur Votta Jehóva eru og hvers vegna það er þess virði að mæta á samkomur.

- (A) Á samkomum okkar eru ræður, sýnidæmi og myndbönd. Samkomurnar byrja og enda með söng og bæn.
- (B) Í sumum dagskrárliðum er áheyrendum boðið að tjá sig.



Á meðan á samkomu stendur.

4. Samkomur Votta Jehóva

Frumkristnir menn komu reglulega saman til að tilbiðja Jehóva. (Rómverjabréfið 16:3–5) **Lesið Kólossubrésið 3:16** og ræðið síðan eftirfarandi spurningu:

- Hvernig tilbáðu frumkristnir menn Jehóva?

Nú á dögum koma vottarnir einnig reglulega saman til tilbeiðslu.

Spilið MYNDBANDIÐ til að sjá hvernig samkomurnar fara fram. Skoðið síðan myndina af safnaðarsamkomu og ræðið eftirfarandi spurningar:

- Hvað sástu líkt með því sem fer fram á samkomum og því sem þú last í Kólossubrésið 3:16?
- Tókstu eftir einhverju öðru varðandi samkomurnar, í myndbandinu eða á myndinni, sem höfðar til þín?

Lesið 2. Korintubríf 9:7 og ræðið síðan eftirfarandi spurningu:

- Hvers vegna fer engin fjársöfnun fram á samkomum Votta Jehóva?

Skoðaðu með kennaranum þínum efnið sem verður farið yfir á samkomu í þessari viku.

- Hvaða hluti samkomunnar höfðar mest til þín?




MYNDBAND: Hvernig fara samkomur okkar fram? (2:12)

Vissir þú?

Á jw.org geturðu séð hvar og hvenær samkomur eru haldnar um allan heim.

Fyrir og eftir samkomu.



- (C) Allir eru velkomnir – fjölskyldur, einhleypir, aldraðir og börn.
- (D) Það kostar ekkert inn á samkomurnar og engin fjársöfnun fer fram.

5. Það þarf að leggja eitthvað á sig til að sækja samkomur

Tökum fjölskyldu Jesú sem dæmi. Á hverju ári þurftu þau að ganga um 100 kílómetra leið um fjallendi, frá Nasaret til Jerúsalem, til að komast í musterið. **Lesið Lúkas 2:39–42** og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Heldur þú að ferðalagið til Jerúsalem hafi verið auðvelt?
- Hvers vegna gætir þú þurft að leggja eitthvað á þig til að sækja samkomur?
- Heldurðu að það sé þess virði? Hvers vegna?

Í Biblíunni kemur fram að það sé mjög mikilvægt að koma saman til að tilbiðja Jehóva. **Lesið Hebreabréfið 10:24, 25** og ræðið síðan eftirfarandi spurningu:

- Hvers vegna ættum við að mæta reglulega á samkomur?



SUMIR SEGJA: „Maður þarf ekki að hitta aðra til að fræðast um Guð. Það er nóg að lesa Biblíuna bara heima hjá sér.“

- Hvaða biblíuvers eða dæmi úr Biblíunni sýna hver skoðun Jehóva er?

SAMANTEKT

Á samkomum lærirðu meira um Jehóva, eignast nánara samband við hann og tilbiður hann með öðrum.

Upprifjun

- Hvers vegna hvetur Jehóva okkur til að safnast saman?
- Hvað lærirðu á samkomum Votta Jehóva?
- Heldurðu að samkomurnar geti hjálpað þér á fleiri vegu?

Kafla lokið þann

Markmið

- Fara á samkomu og kynnst einhverjum af þeim sem eru þar.
- Annað:




Skannaðu merkið eða farðu inn á ritið
Von um bjarta framtíð á jw.org til
að finna allt efni sem tengist KAFLA 10.

K A N N A Ð U



Kvíðirðu fyrir að mæta á samkomur? Sjáðu hvernig maður sem leið þannig hreifst af samkomunum.

Við munum aldrei gleyma móttökunum



Taktu eftir hvernig ungur maður kunnir að meta samkomurnar og hvað hann gerði til að halda áfram að sækja þær.

Ég var svo hrifinn af samkomunum



Lestu um hvað öðrum finnst um að sækja samkomur.

„Af hverju ætti ég að sækja samkomur í ríkissalnum?“
(Vefgrein)



Kynntu þér hvernig ofbeldisfullur maður í glæpagengi breytti lífi sínu eftir að hann sótti samkomu hjá Vottum Jehóva.

„Ég var alltaf með byssuna mína á mér“ (Grein úr *Varðturninum*)



Hvernig geturðu haft sem mest gagn af Biblíunni?

Hefur þér einhvern tíma fundist yfirþyrmandi að byrja á stóru verkefni? Þú skiptir því kannski niður í smærri einingar til að auðvelda þér það. Það sama á við um biblíulestur. En þú spyrð kannski: „Hvar á ég að byrja?“ Í þessum kafla skoðum við nokkur einföld ráð sem geta hjálpað þér að hafa ánægju af því að lesa og rannsaka Biblíuna.

1. Hvers vegna ættum við að lesa reglulega í Biblíunni?

Sá sem les reglulega í Biblíunni, „**leiðsögn Drottins**“, verður hamingjusamur og nýtur velgengni. (Lestu Sálms 1:1–3.) Reyndu að lesa bara í nokkrar mínútur á hverjum degi til að byrja með. Því betur sem þú kynnist orði Guðs því meiri ánægju hefurðu af því að lesa það.

2. Hvernig geturðu haft gagn af biblíulestri?

Við þurfum að stoppa og hugsa um það sem við erum að lesa til að hafa sem mest gagn af biblíulestri. Við ættum bæði að lesa Biblíuna og „**hugleiða efni hennar**“. (Jósúabók 1:8) Þegar þú lest skaltu spyrja þig spurninga eins og: „Hvað segir þetta mér um Jehóva Guð? Hvernig get ég heimfært þetta upp á líf mitt? Hvernig get ég notað þessi vers til að hjálpa öðrum?“

3. Hvernig geturðu fundið tíma til að lesa í Biblíunni?

Finnst þér erfitt að finna tíma til að lesa í Biblíunni? Mörgum okkar finnst það. Reyndu að „**nota tímann sem best**“. (Efesusbréfið 5:16) Þú getur gert það með því að taka frá ákveðinn tíma á hverjum degi til að lesa í Biblíunni. Sumir taka sér tíma til að lesa í Biblíunni snemma á morgnana. Aðrir vilja heldur nota tíma seinna yfir daginn, til dæmis í hádegishléinu. Enn aðrir lesa Biblíuna á kvöldin áður en þeir fara að sofa. Hvaða tími hentar þér best?

K A F A Ð U D Ý P R A

Kynntu þér hvernig þú getur gert biblíulesturinn áhugaverðari. Lærðu að undirbúa þig vel svo að þú getir haft sem mest gagn af námi þínu í Biblíunni.




Við getum lært að hafa ánægju af biblíulestri rétt eins og við getum lært að meta alls konar mat.

4. Lærðu að hafa ánægju af biblíulestri

Það er kannski ekki auðvelt að byrja að lesa Biblíuna. En við getum „glætt með okkur löngun“ til þess, rétt eins og hægt er að læra að meta nýjan mat. **Lesið 1. Pétursbréf 2:2** og ræðið síðan eftirfarandi spurningu:

- Heldurðu að þú getir lært að hafa ánægju af að lesa í Biblíunni og hlakkað til þess ef þú temur þér að gera það á hverjum degi?

Spilið MYNDBANDIÐ til að sjá hvernig nokkrir einstaklingar fóru að hafa ánægju af að lesa í Biblíunni. Ræðið síðan eftirfarandi spurningar:



MYNDBAND: *Ungt fólk lærir að elska orð Guðs (5:33)*

- Hvaða áskorunum sigraðist unga fólkið í myndbandinu á?
- Hvað hjálpaði þeim að halda áfram að lesa reglulega í Biblíunni?
- Hvernig gerðu þau biblíulesturinn áhugaverðari?

Tillögur til að koma þér af stað:

- **Veldu áreiðanlega pýðingu á nútímamáli.** Prófaðu *Nýheimsþýðingu Biblíunnar* ef hún er til á þínu tungumáli.
- **Byrjaðu á að lesa það sem höfðar mest til þín.** Þú getur fundið hugmyndir á listanum „Byrjaðu að lesa Biblíuna“.
- **Haltu utan um það sem þú lest.** Notaðu töflurnar í „Haltu utan um biblíulesturinn“ í þessu riti.
- **Notaðu appið JW Library®.** Þú getur notað það í snjallsíma eða samþætilegu tæki hvar sem er til að lesa og hlusta á Biblíuna á mörgum tungumálum.
- **Notaðu bæklinginn *Handbók biblíunemandans*.** Í honum eru kort og töflur sem geta gert biblíulesturinn áhugaverðari.

5. Búðu þig undir biblíunámsstundina

Lesið **Sálm 119:34** og ræðið síðan eftirfarandi spurningu:


- Hvers vegna er gott að fara með bæn áður en þú byrjar að lesa í Biblíunni eða undirbúa þig fyrir biblíunámsstundina?

Hvernig geturðu haft sem mest gagn af hverri kennslustund?
Prófaðu eftirfarandi aðferð þegar þú undirbýrð kafla í þessari bók:

- Lestu inngangsgreinarnar í kaflanum.
- Flettu upp og lestu versin og reyndu að skilja hvernig þau tengjast efninu.
- Merktu við lykilorðin sem svara spurningunum. Það hjálpar þér að ræða efnið við kennarann þinn.

Vissir þú?

Vottar Jehóva hafa notað ýmsar bibliupýðingar. En við kunnum sérstaklega að meta **Nýheimsþýðingu Biblíunnar** vegna þess að hún er nákvæm, skýr og notar nafn Guðs. – Sjá vefgreinina „**Hafa Vottar Jehóva sína eigin útgáfu af Biblíunni?**“



SUMIR SEGJA: „Það er allt of erfitt að rannsaka Biblíuna. Ég hef hvorki tíma né orku til þess.“

- Hvað finnst þér?

SAMANTEKT

Til að hafa sem mest gagn af Biblíunni skaltu taka frá tíma til að lesa í henni, biðja Guð að hjálpa þér að skilja það sem þú lest og undirbúa þig fyrir biblíunámsstundirnar.

Upprifjun

- Hvernig geturðu haft sem mest gagn af Biblíunni?
- Hvenær geturðu tekið frá tíma til að lesa og rannsaka Biblíuna?
- Hvers vegna er það þess virði að undirbúa sig fyrir biblíunámsstundirnar?

Kafla lokið þann

Markmið

- Nota tillögurnar í þessum kafla til að undirbúa þig fyrir næstu kennslustund.
- Annað:



Skannaðu merkið eða farðu inn á ritið
Von um bjarta framtíð á jw.org til
að finna allt efni sem tengist KAFLA 11.

K A N N A Ð U



Skoðaðu nokkrar tillögur sem geta hjálpað þér að hafa meira gagn af biblíulestri.

„**Að hafa sem mest gagn af biblíulestri**“ (Varðturninn nr. 1 2017)



Kynntu þér þrjár leiðir til að lesa Biblíuna.

„**Hvernig get ég haft gagn af Biblíunni? – 1. hluti: Kynntu þér Biblíuna**“ (Vefgrein)



Sjáðu hvernig biblíulestur getur verið ánægjulegur.

„**Hvernig get ég haft gagn af Biblíunni? – 2. hluti: Gerðu biblíulestur ánægjulegan**“ (Vefgrein)



Fáðu góð ráð frá fólki sem hefur lesið Biblíuna lengi.

Árangursríkt sjálfsnám



Hvað hjálpar þér að halda áfram að kynna þér Biblíuna?

Að rannsaka Biblíuna má líkja við skemmtilegt og fræðandi ferðalag. En það er ekki alltaf auðvelt. Stundum veltirðu kannski fyrir þér hvort þú getir haldið áfram að kynna þér Biblíuna. Hvers vegna er þess virði að leggja eitthvað á sig til að halda áfram? Hvað getur hjálpað þér að halda út þrátt fyrir erfiðleika?

1. Hvers vegna er verðmætt að kynna sér Biblíuna?

„Orð Guðs er lífandi og kraftmikið.“ (Hebreabréfið 4:12) Biblían er verðmæt vegna þess að í henni geturðu séð hvernig Guð hugsar og hvaða tilfinningar hann ber til þín. Hún hjálpar þér ekki aðeins að afla þér þekkingar heldur gefur þér einnig sanna vísu og von. En það sem skiptir mestu máli er að hún hjálpar þér að eignast vináttu við Jehóva. Þegar þú kynnir þér Biblíuna leyfirðu kraftinum í henni að hafa jákvæð áhrif á líf þitt.

2. Hvers vegna er mikilvægt að skilja hve verðmætur sannleikurinn í Biblíunni er?

Sannleikurinn í Biblíunni er eins og verðmætur fjársjóður. Þess vegna hvetur Biblían: „**Kauptu sannleika, og seldu hann ekki.**“ (Orðskviðirnir 23:23) Ef við höfum í huga hve verðmætur sannleikur Biblíunnar er leggjum við hart að okkur til að halda áfram að kynna okkur Biblíuna, jafnvel þegar við mætum hindrunum. – Lestu Orðskviðina 2:4, 5.

3. Hvernig getur Jehóva hjálpað þér að halda biblíunáminu áfram?

Jehóva er alvaldur skapari og vinur þinn, og hann vill hjálpa þér að kynnast sér. Hann gefur þér „**bæði löngun og kraft til að gera það sem gleður hann**“. (Lestu Filippíbréfið 2:13.) Hann getur þess vegna hjálpað þér þegar þig skortir löngun til að rannsaka Biblíuna eða fara eftir því sem þú lærir. Og ef þig vantar kraft til að yfirstíga hindranir eða standast andstöðu getur Jehóva gefið þér hann. Biddu Jehóva reglulega að hjálpa þér að halda áfram að kynna þér Biblíuna. – 1. Þessaloníkubréf 5:17.

K A F A Ð U D Ý P R A

Skoðaðu hvernig þú getur haldið áfram að kynna þér Biblíuna þó að þú hafir mikið að gera eða mætir andstöðu frá öðrum. Hugleiddu síðan hvernig Jehóva hjálpar þér að gefast ekki upp.



Ef þú setur sandinn í fötuna og reynir síðan að bæta steinunum við komast þeir ekki allir fyrir.



Ef þú setur steinana fyrst í fötuna er pláss fyrir mestallan sandinn. Eins er ef þú lætur „það sem er mikilvægt“ hafa forgang í lífinu. Þá geturðu sinnt því en hefur líka tíma fyrir ýmislegt annað.

4. Láttu biblíunámið hafa forgang

Stundum erum við svo upptekin að við virðumst ekki hafa tíma til að rannsaka Biblíuna. Hvað getur þá hjálpað? **Lesið Filippíbréfið 1:10** og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvað finnst þér vera mikilvægt?
- Hvernig geturðu látið biblíunám þitt hafa forgang?

Að rannsaka Biblíuna fullnægir andlegri þörf okkar – þörfinni á að þekkja og tilbiðja Guð. **Lesið Matteus 5:3** og ræðið síðan eftirfarandi spurningu:

- Hvernig er það okkur til góðs að láta biblíunám hafa forgang?

5. Haltu út þegar þú verður fyrir andstöðu

Stundum geta aðrir reynt að fá þig til að hætta að kynna þér Biblíuna. Skoðum reynslu Francescos. **Spilið MYNDBANDIÐ** og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvernig brugðust fjölskylda og vinir Francescos við þegar hann sagði þeim hvað hann væri að kynna sér?
- Hvernig var honum umbunað fyrir að gefast ekki upp?

Lesið 2. Tímóteusarbréf 2:24, 25 og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvað finnst fjölskyldu þinni og vinum um það sem þú ert að læra?
- Hvernig ættir þú að bregðast við samkvæmt þessum versum þegar einhver er óánægður með að þú sért að kynna þér Biblíuna? Hvers vegna?



MYNDBAND: Umbunað fyrir að gefast ekki upp (5:22)



6. Reiddu þig á hjálp Jehóva

Því nánari sem við verðum Jehóva því meira langar okkur að þóknast honum. En okkur getur samt fundist erfitt að gera breytingar í samræmi við meginreglur hans. Gefstu ekki upp þó að þér líði þannig. Jehóva hjálpar þér. **Spilið MYNDBANDIÐ** og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvaða breytingar gerði Jim til að þóknast Jehóva?
- Hvað snerti þig við reynslu hans?

Lesið Hebreabréfið 11:6 og ræðið síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvað gerir Jehóva fyrir þá sem „leita hans í einlægni“, það er að segja þá sem leggja sig fram um að kynnast honum og þóknast?
- Hvað finnst Jehóva samkvæmt þessu versu um það sem þú leggur á þig til að kynna þér Biblíuna?



MYNDBAND: Jehóva hjálpar okkur að gera breytingar (3:56)

EINHER GÆTI SPURT: „Af hverju ertu að kynna þér Biblíuna?“

- Hvernig myndirðu svara því?

SAMANTEKT

Þú getur eignast von um bjarta framtíð með því að rannsaka Biblíuna, þó að það sé ekki alltaf auðvelt. Haltu áfram að reiða þig á Jehóva og þá mun hann umbuna þér.

Upprifjun

- Hvers vegna finnst þér sannleikur Biblíunnar verðmætur?
- Hvernig geturðu sýnt að þú telur nám í Biblíunni mikilvægt?
- Hvers vegna ættirðu að biðja Jehóva að hjálpa þér að halda áfram að kynna þér Biblíuna?

Hluta lokið þann

Markmið

- Halda áfram biblúnámi þínu að minnsta kosti einu sinni í viku. Ef dagskrá þín breytist skaltu finna annan tíma fyrir námsstundina.
- Annað:



Skannaðu merkið eða farðu inn á ritið
Von um bjarta framtíð á jw.org til
að finna allt efni sem tengist KAFLA 12.

K A N N A Ð U



Lestu um fjögur úrræði sem hafa hjálpað mörgum að nota tíma sinn skynsamlega.

„**Að nota tímann skynsamlega**“ (Grein úr *Vaknið!*)



Taktu eftir hvernig Jehóva hjálpaði konu. Hún lagði sig fram um að þóknast Jehóva en maðurinn hennar hafði ekki skilning á því.

Jehóva hjálpar okkur að bera byrði okkar



Sjáðu dæmi um mann sem naut góðs af þrautseigju konunnar sinnar.

Ég leiddi sannleikann fyrir rétt



Vottar Jehóva eru stundum sakaðir um að sundra fjölskyldum. Er það rétt?

„**Sundra Vottar Jehóva fjölskyldum eða byggja þeir þær upp?**“ (Vefgrein)

UPPRIFJUN Á 1. HLUTA

Ræddu eftirfarandi spurningar við kennara þinn:



1. Hvaða loforð Biblíunnar um framtíðina höfðu til þín? *(Sjá kafla 02.)*

2. Hvers vegna trúir þú að Biblían sé orð Guðs? *(Sjá kafla 03 og 05.)*

3. Hvers vegna er mikilvægt að nota nafn Jehóva? *(Sjá kafla 04.)*

4. Biblían segir að Guð sé „uppspretta lífsins“. (Sálmur 36:10) Trúir þú því? *(Sjá kafla 06.)*

5. Lesið Orðskviðina 3:32.

- Hvers vegna er Jehóva besti vinur sem við getum átt?
- Hvers ætlast Jehóva til af vinum sínum? Finnst þér það sanngjarnt?

(Sjá kafla 07 og 08.)

6. Lesið Sálm 62:9.

- Hvað hefur þú talað við Jehóva um í bæn? Hvað fleira gætir þú talað um í bænum þínum?
- Hvernig svarar Jehóva bænum?

(Sjá kafla 09.)

7. Lesið Hebreabréfið 10:24, 25.

- Hvaða gagn getur þú haft af samkomum Votta Jehóva?
- Finnst þér þess virði að mæta á samkomur?

(Sjá kafla 10.)

8. Hvers vegna er gott að lesa reglulega í Biblíunni? Hvernig er dagleg biblíulestrar-áætlun þín? *(Sjá kafla 11.)*

9. Hverju hefurðu haft mesta ánægju af hingað til í biblíunámi þínu?

10. Hvaða hindrunum, ef einhverjum, hefurðu mætt eftir að þú byrjaðir að kynna þér Biblíuna? Hvað getur hjálpað þér að halda námi þínu áfram? *(Sjá kafla 12.)*

Spurningar sem þú vilt fá svör við:



Haltu utan um biblíulesturinn

HEBRESK-ARAMEÍSKU RITNINGARNAR

Sköpunin og byrjun mannkynssögunnar

1. Mósebók 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11
12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24
25 26 27 28 29 30 31 32 33 34 35 36 37
38 39 40 41 42 43 44 45 46 47 48 49
50 **2. Mósebók** 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10
11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23
24 25 26 27 28 29 30 31 32 33 34 35 36
37 38 39 40 **3. Mósebók** 1 2 3 4 5 6
7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20
21 22 23 24 25 26 27 **4. Mósebók** 1 2
3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17
18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30
31 32 33 34 35 36 **5. Mósebók** 1 2 3 4
5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19
20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31 32
33 34

Sest að í fyrirheitna landinu

Jósúabók 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13
14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24
Dómarabókin 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11
12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 **Rutar-
bók** 1 2 3 4

Konungar Ísraels til forna

1. Samúelsbók 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10
11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23
24 25 26 27 28 29 30 31 **2. Samúels-
bók** 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14
15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 **1. Kon-
ungabók** 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12
13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 **2. Kon-
ungabók** 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12
13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25
1. Kroníkubók 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10
11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23
24 25 26 27 28 29 **2. Kroníkubók** 1 2
3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17
18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30
31 32 33 34 35 36

Heim úr útleigð

Esrabók 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 **Nehem-
iabók** 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13
Esterabók 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10

Frásagan af Job

Jobsbók 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12
13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25
26 27 28 29 30 31 32 33 34 35 36 37 38
39 40 41 42

Ljóð og hagnýt ráð

Sálmur 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13
14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26
27 28 29 30 31 32 33 34 35 36 37 38
39 40 41 42 43 44 45 46 47 48 49 50
51 52 53 54 55 56 57 58 59 60 61 62
63 64 65 66 67 68 69 70 71 72 73
74 75 76 77 78 79 80 81 82 83 84 85
86 87 88 89 90 91 92 93 94 95 96
97 98 99 100 101 102 103 104 105
106 107 108 109 110 111 112 113 114 115
116 117 118 119 120 121 122 123 124
125 126 127 128 129 130 131 132 133 134
135 136 137 138 139 140 141 142 143 144
145 146 147 148 149 150 **Orðskviðirn-
ir** 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15
16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28
29 30 31 **Prédikarinn** 1 2 3 4 5 6 7 8
9 10 11 12 **Ljóðaljóðin** 1 2 3 4 5 6 7 8

Spádómsbækur

Jesaja 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13
14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26
27 28 29 30 31 32 33 34 35 36 37 38 39
40 41 42 43 44 45 46 47 48 49 50 51
52 53 54 55 56 57 58 59 60 61 62 63 64
65 66 **Jeremía** 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11
12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24
25 26 27 28 29 30 31 32 33 34 35 36 37
38 39 40 41 42 43 44 45 46 47 48 49 50
51 52 **Harmljóðin** 1 2 3 4 5 **Esekiel** 1
2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16
17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29
30 31 32 33 34 35 36 37 38 39 40 41 42
43 44 45 46 47 48 **Daniel** 1 2 3 4 5 6
7 8 9 10 11 12 **Hósea** 1 2 3 4 5 6 7 8
9 10 11 12 13 14 **Jóel** 1 2 3 4 **Amos** 1
2 3 4 5 6 7 8 9 **Óbadía** 1 **Jónas** 1 2
3 4 **Míka** 1 2 3 4 5 6 7 **Nahúm** 1 2 3
Habakkuk 1 2 3 **Sefanía** 1 2 3 **Hagg-
aí** 1 2 **Sakaría** 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11
12 13 14 **Malakí** 1 2 3

GRÍSKU RITNINGARNAR

Lif og þjónusta Jesú

Matteus 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13
14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26
27 28 **Markús** 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11
12 13 14 15 16 **Lúkas** 1 2 3 4 5 6 7 8
9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22
23 24 **Jóhannes** 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10
11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21

Vöxtur kristna safnaðarins


Postulasagan 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12
13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26
27 28

Bréf Páls postula

Rómverjabréfið 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11
12 13 14 15 16 **1. Korintubríf** 1 2 3 4
5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 **2. Kor-
intubríf** 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12
13 **Galatabréfið** 1 2 3 4 5 6 **Efesus-
bréfið** 1 2 3 4 5 6 **Filippibréfið** 1 2
3 4 **Kólossubrésið** 1 2 3 4 **1. Þessa-
loníkurbréf** 1 2 3 4 5 **2. Þessaloníku-
bréf** 1 2 3 **1. Tímóteusarbréf** 1 2 3 4
5 6 **2. Tímóteusarbréf** 1 2 3 4 **Tít-
usarbréfið** 1 2 3 **Filemonsbréfið** 1
Hebreubrésið 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11
12 13

Rit annarra postula og lærisveina

Jakobsbréfið 1 2 3 4 5 **1. Pét-
ursbréf** 1 2 3 4 5 **2. Pétursbréf** 1 2 3
1. Jóhannesarbréf 1 2 3 4 5 **2. Jó-
hannesarbréf** 1 **3. Jóhannesarbréf** 1
Júdasarbréfið 1 **Opinberunarbókin** 1
2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17
18 19 20 21 22

 Merktu við kaflana sem þú ert
búinn að lesa.



LÆRÐU MEIRA



iff-ic
21/07/23